



Skipulags- og umhverfisnefnd – 23.10.2014

---

60. fundur.

23. október 2014 kl. 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

---

**Fundarmenn:**

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Jóhanna Sif Sigþórsdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Helga Magnea Jóhannsdóttir

**Starfsmenn:**

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

(varamaður í fjarveru Sæþórs Gunnsteinssonar)

---

**Dagskrá:**

1. *Erindisbréf skipulags- og umhverfisnefndar. Endurskoðun.*
2. *Umhverfi Goðafoss . Deiliskipulag.*
3. *Höfðabyggð, lóð C-04. Umsókn um byggingarleyfi.*

**1. Erindisbréf skipulags- og umhverfisnefndar. Endurskoðun.**

*S20140603.*

Lagt fram erindisbréf skipulags- og umhverfisnefndar og erindisbréf fyrir nefndir Þingeyjarsveitar. Erindisbréf nefndarinnar er frá 7. ágúst 2008 og hafa ýmsar breytingar orðið á verksviði nefndarinnar og lagaumhverfinu og því nauðsyn á að endurskoða erindisbréfið í ljósi þess. Málið var áður á dagskrá nefndarinnar á 57. fundi hennar 30. júní s.l. Lagt fram endurskoðað erindisbréf nefndarinnar

*Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindisbréfið með þeim breytingum sem gerðar voru á fundinum.*

## **2. Umhverfi Goðafoss. Deiliskipulag.**

S20140302.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir grein fyrir deiliskipulagsvinnu á svæðinu umhverfis Goðafoss. Kynnt verða drög Vegagerðarinnar að breyttri legu Bárðardalsvegur eystri við Fosshól.

*Lagt fram til kynningar. Nefndin leggur áherslu á að vinnu við deiliskipulagið verði hraðað eins og kostur er og stefnt verði að því að drög að heildarskipulagi svæðisins verði lögð fyrir nefndina á á næsta fundi hennar 20. nóvember n.k.*

## **3. Höfðabyggð, lóð C-04. Umsókn um byggingarleyfi.**

S20141001.

Erindi dags 3. október 2014 frá Þresti Sigurðssyni hjá Ópus ehf, f.h. Arngríms Brynjólfssonar, Jörfabyggð 6, 600 Akureyri, þar sem hann sækir um byggingarleyfi fyrir 20 m<sup>2</sup> geymslu á lóðinni nr. C-04 við Höfðabyggð í Lundsskógi. Aðaluppdrættir eru fylgigögn með umsókn.

*Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulags- og byggingarfulltrúa að grenndarkynna erindið eins og 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um þar sem ekkert deiliskipulagi er í gildi á þessum hluta frístundabyggðarinnar.*

*Fundi slitið.*